



Verkferill vegna innheimtu dvalargjalda á leikskólum og frístundaheimilum.

Hafnarfjarðarbær greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum bæjarins. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum ásamt fæði. Fjárhæð gjalda og afsláttur á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá Hafnarfjarðarbæjar sem samþykkt er af bæjarstjórn og birt á heimasíðu bæjarins hafnarfjordur.is.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskóla- og frístundaheimilisgjalda. Unnt er að greiða leikskólagjöld með boðgreiðslum, beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla. Ef greiðandi vill fá senda greiðsluseðla þarf hann að hafa samband við Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar og óska eftir að fá greiðsluseðla senda. Ef greiðandi vill greiða með beingreiðslum þarf hann að hafa samband við viðskiptabanka sinn.

Leikskóla- og frístundaheimilsgjöld eru innheimt mánaðarlega. Gjöld eru þó ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn og frístundaheimilin eru lokuð vegna sumarleyfa.

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður.

Skilyrði fyrir leikskóla- og frístundaheimilisdvöl barns er að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum vegna leikskóla- og frístundaheimilsgjalda.

Heimilt er að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu og/eða til þess að barn fái dvöl á frístundaheimili. Í því felst m.a. að heimilt er að segja upp frístundaheimilis- eða leikskóladvöl verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Innheimtuferill vegna vanskila

Gjalddagi dvalargjalda er 1. dagur hvers mánaðar. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Séu dvalargjöld enn ógreidd fimm dögum eftir eindaga fær greiðandi senda innheimtuviaðvörðun. 15 dögum eftir að innheimtuviaðvörðun hefur verið send er ógreidd krafa send til innheimtufyrirtækis. Eftir að hún hefur verið send þangað er hægt að semja um skuldina þar. Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við innheimtu á greiðanda.

Uppsögn leikskóla- og frístundaheimilisdvalar

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 90 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum vegna leikskóla- og frístundaheimilsgjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 90 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.

Ferill uppsagnar

Sé dvalarsamningi sagt upp skal unnið eftir ferlum sem lýst er hér á eftir. Áður hefur fjárreiðudeild sent vanskilalista til fjölskylduþjónustu. Fjölskylduþjónusta fer yfir listann og tilkynnir strax til fjárreiðudeildar ef viðkomandi þarf á vistun að halda. Fjárreiðudeild merkir í Navision að viðkomandi skuld fari ekki til innheimtufyrirtækis og kallar hana til baka ef innheimta er hafinn. Fjölskylduþjónusta greiðir síðan vegna einstaklings.



HAFNARFJÖRÐUR

Skuldari fær sent uppsagnarbréf frá fjárreiðudeild þar sem fram kemur að panti hann tíma hjá félagsráðgjafa til þess að leita lausna á skuldavanda sínum sé hægt að fresta uppsögn um allt að tvo mánuði en mæti hann ekki virkjust uppsögnin aftur. Afrit af bréfi er sent til verkefnastjóra frístundar eða viðkomandi leikskólastjóra sem hringja í viðkomandi foreldri.

Skuldari pantar ekki viðtal, uppsögn fer í almennt ferli hjá fjárreiðudeild. Tilkynnt til verkefnastjóra frístundar eða viðkomandi leikskólastjóra.

Skuldari pantar viðtal hjá félagsráðgjafa. Félagsráðgjafi tilkynnir viðtalsbókun til fjárreiðudeildar og verkefnastjóra frístundar eða viðkomandi leikskólastjóra. Uppsögn er sett á frest til hámark tveggja mánaða.

Skuldari mætir ekki í bókað viðtal. Engin töluvupóstur berst fjárreiðudeildar á viðtalsdegi. Uppsögn virkjuð aftur. Tilkynnt verkefnastjóra frístundar eða viðkomandi leikskólastjóra.

Skuldari mætir í bókað viðtal og undrirtar eyðublað „umsókn um þjónustu félagsráðgjafa“. Félagsráðgjafi staðfestir mætingu með töluvupósti til fjárreiðudeildar. Félagsráðgjafi kannar félagslegar og fjárhagslegar aðstæður og rétt skuldara til fjárhagsaðstoðar skv. reglum. Félagsráðgjafi metur getu og greiðsluvilja skuldara til þess að greiða annars vegar áfallandi skuld vegna þjónustu og hins vegar vanskil. Þetta ferli getur tekið 1-3 viðtöl. Mat og tillaga félagsráðgjafa þarf að berast fjárreiðudeildar innan tveggja mánaða frá því að staðfesting um viðtalsbókun var send annars virkjust uppsögnin aftur. Fjárreiðudeild tilkynnir verkefnastjóra frístundar eða viðkomandi leikskólastjóra um niðurstöðuna. Ef niðurstaðan er orðin sú að uppsögn taki gildi skal án tafar upplýsa sviðsstjóra fjölskylduþjónustu og fræðsluþjónustu um stöðuna.

Mat félagsráðgjafa á félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum skuldara liggur fyrir ásamt tillögu að úrlausnum sem geta falið sér:

- Skuldari greiði áfallandi í 6 mánuði og til viðbótar afborganir af skuld
- Skuldari greiðir áfallandi í 6 mánuði og þá verður skuld afskrifuð
- Skuldari sýnir ekki greiðsluvilja. Lagt er til að uppsögn taki gildi.
- Skuldari á rétt að aðstoð á grundvelli barnaverndarsjónarmiða. Barnavernd greiðir áfallandi greiðslur. Vanskil verði afskrifuð.

Ákvörðun um afskriftir vanskila eru tekin af bæjarráði. Aðeins sviðsstjóri getur vísað málum til bæjarráðs. Þarf að athuga trúnað vegna barnaverndarmála.

Samþykkt í bæjarráði 24. apríl 2015